

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 2. mars 2023

Mál nr. E-4642/2021:

A

(*Valdemar Karl Kristinsson lögmaður*)

gegn

Verði tryggingum hf.

(*Magnús Hrafn Magnússon lögmaður*)

Dómur

Mál þetta var höfðað 14. september 2021 og dómtekið 7. febrúar 2023. Stefnandi er A, [...]. Stefndi er Vörður tryggingar hf., Borgartúni 19, Reykjavík.

Stefnandi krefst þess að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 16.437.090 með 4,5% ársvöxtum af kr. 2.015.190 frá slysdegi 20. desember 2014 til 22. mars 2015, en frá þeim degi af kr. 16.437.090 til 11. október 2020, en með dráttarvöxtum af stefnufjárhæðinni allri skv. 1. mgr. 6. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá þeim degi til greiðsludags. Stefndi hafi greitt inn á kröfuna kr. 9.456.748 þann 7. nóvember 2019 sem dragast skuli frá skuldinni miðað við stöðu hennar á innborgunardegi. Þá er gerð krafa um málskostnað úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda en til vara að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar, auk málskostnaðar.

I

Málsatvik

Stefnandi höfðar mál þetta til heimtu bóta fyrir umferðarslys sem hann lenti í þann 20. desember 2014. Slysið varð með þeim hætti að stefnandi ók bifreiðinni [...] austur Sæbraut að gatnamótum Langholtsvegur en um sama leyti var bifreiðinni [...] ekið vestur Sæbraut og beygt til vinstri inn á gatnamót Langholtsvegur í veg fyrir bifreið stefnanda.

Stefnandi var fluttur með sjúkrabíl á slysadeild LSH í Fossvogi. Í sjúkránótu kemur fram að hann hafi verið með verki aftan í hálsi, verk í mjóbaki og skrámur á vinstri hendi. Stefnandi leitaði til heilsugæslunnar [...] janúar 2015 vegna verkja við hreyfingar höfuðs. Þá vantaði tvær fingurbreiddir frá því að ná höku að bringu. Einnig var stefnandi verulega þreifiaumur yfir hnakkafestum og með væga kraftminnkun í hægri hendi.

Áfram hélt stefnandi að leita sér lækniástoðar vegna slyssins og leitaði til heimilislæknis í nóvember 2016. Í læknisvottorði vegna þeirrar komu kemur fram að stefnandi hafi fundið strax eftir slysið fyrir eyrnasuði sem haldist hafi síðan þá. Einnig væri stefnandi með dofatilfinningu í fingurgómum sem og dofasvæði á framhandleggjum. Mat læknisins var að einkenni stefnanda mætti rekja til slyssins. Stefnandi leitaði til sérfræðings í heila- og taugasjúkdómum þar sem talið var skynsamlegt að gera segulómun af hálsi og úlnliðum. Í læknisvottorði heimilislæknis kemur fram að segulómrannsókn af bæði háls hrygg og hægri úlnlið staðfesti áverka sem skynsamlegt sé að handaskurðlæknir sinni. Stefnandi leitaði til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum vegna eyrnasuðs. Taldi hann sterkar líkur á því að hávaðinn við áreksturinn hefði valdið heyrnarskaða með meðfylgjandi eyrnasuði. Þá hefur stefnandi farið í sjúkraþjálfun eftir slysið og leitað til kírópraktors.

Stefndi hefur viðurkennt bótaskyldu í málinu og óskuðu aðilar sameiginlega eftir að B, bæklunarskurðlæknir, og C, hæstaréttarlögmaður, létu í té skriflega og rökstudda álitserð, skv. skaðabótalögum nr. 50/1993, um afleiðingar slyssins. Þeir skiluðu í kjölfarið álitserð sinni þann 27. ágúst 2019. Niðurstaða hennar er að orsakasamband hafi verið milli slyssins og núverandi einkenna stefnanda frá hálsi, úlnliðum og eyrum. Varanlegur miski stefnanda sé 13 stig en varanleg örorka 8%. Þá mátu þeir tímabundna óvinnufærni 100% frá 20. desember 2014 til 2. febrúar 2015.

Í framhaldi af niðurstöðu álitserðarinnar gengu stefnandi og stefndi til uppgjors í málinu. Stefnandi samþykkti uppgjörstillögu stefnda með fyrirvara, m.a. varðandi varanlega örorku, varanlegan miska og tímabundið atvinnutjón.

Stefnandi leitaði álitserð örorkunefndar í samræmi við 1. málslíð 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 en stefndi stóð ekki að beiðni álitserð örorkunefndar. Örorkunefnd skilaði álitserð sinni þann 3. september 2020 og skv. álitserð hennar er varanlegur miski stefnanda metinn 18 stig en varanleg örorka 15%. Stefnandi sendi stefnda álitserð örorkunefndar ásamt kröfubréfi þann 11. september 2020 og stefndi hafnaði kröfugerð stefnanda þann 9. október 2020. Höfðaði stefnandi síðan mál þetta með stefnu birtri 14. september 2021.

II

Málsástæður stefnanda

Stefnandi telur að líkamstjón það sem hann varð fyrir við umræddan árekstur sé ekki fullbætt og að hann hafi ekki verið gerður fjárhagslega eins settur og ef tjón hefði ekki orðið. Markmið með bótum skv. skaðabótalögum sé m.a. að bæta tjónþola það tap á atvinnutekjum sem hann verði fyrir tímabundið en jafnframt því sem hann muni að líkindum verða fyrir í framtíðinni vegna afleiðinga líkamstjóns.

Stefnandi telur að árslaun hans síðustu þrjú árin fyrir slys gefi ekki rétta mynd af líklegum framtíðartekjum og því sé um óvenjulegar aðstæður að ræða í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. [Umfjöllun um menntun stefnanda]. Á árunum fyrir slys hafi stefnandi starfað sem framkvæmdastjóri D, [...], auk þess sem hann hafi sinnt ráðgjafarstörfum. Eftir slysið hafi stefnandi neyðst til að breyta um starfsvettvang og meira sinnt ráðgjafarstörfum [...]. Þannig hafi stefnandi látið af störfum sem framkvæmdastjóri D á árinu 2016 af heilsufarsástæðum og starfað meira og minna sjálfstætt frá þeim tíma. Laun stefnanda hafi hækkað talsvert árin fyrir slys en lækkað eftir slysið.

Stefnandi byggir á því að tekjur á árunum 2012–2014 gefi réttari mynd af tekjum stefnanda á árunum fyrir slys og séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda hefði slysið ekki komið til. Þá byggir stefnandi á því að slysið hafi átt sér stað alveg í lok árs 2014 og því sé eðlilegt að taka tekjur það árið inn í útreikning árslauna. Jafnframt byggir stefnandi á því að inn í árslaun, sbr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, beri að taka tillit til allra tekna stefnanda, hvort sem það eru launagreiðslur, dagpeningar, ökutækjastyrkur eða aðrar tekjur. Skipti þá engu máli hvort heimilt sé að draga frá einhverjar greiðslur áður en komi til útreiknings tekjuskatts og útsvars.

Stefnandi gerir kröfu um að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda bætur á grundvelli álitserðar örorkunefndar. Krafa stefnanda um bætur fyrir varanlegan miska byggir á álitserð örorkunefndar um að varanlegur miski stefnanda vegna þessa slyss sé 18 stig. Krafa um bætur er reiknuð í samræmi við ákvæði skaðabótalaga nr. 50/1993, miðað við að fullar bætur fyrir 100% varanlegan miska hafi verið kr. 11.195.500 á slysdegi 20. desember 2014. Krafa um bætur fyrir varanlega örorku byggir á álitserð örorkunefndar um að varanleg örorka stefnanda vegna þessa slyss sé 15%.

III

Málsástæður stefnda

Stefndi mótmælir málavaxtalýsingu stefnanda að því leyti sem hún stangast á við lýsingu stefnda. Mál þetta sé höfðað vegna afleiðinga slyss 20. desember 2014 en hið stefnda tryggingafélag tryggði bifreiðina [...] lögboðinni ábyrgðartryggingu. Samkvæmt matsgerð hafi stöðugleikapunktur stefnanda vegna afleiðinga slyssins verið metinn þremur mánuðum eftir slysið, 22. mars 2015. Af matsgerð megi ráða að 28. janúar 2015 hafi stefnandi leitað á heilsugæslu vegna verkja í háls hrygg og verið sendur í segulómun í kjölfarið.

Stefnandi hafi leitað aftur á heilsugæslu í nóvember 2016, sbr. vottorð þar sem því sé lýst að stefnandi hafi haft dofa í fingurgómum allt frá slysi. Að sama skapi komi þar fram að stefnandi hafi *strax eftir slysið* fundið fyrir eyrnasuði sem *hafi haldist síðan*. Hann hafi af þeim sökum, stuttu áður en hann leitaði til heilsugæslu í nóvember 2016,

leitað til sérfræðings í háls-, nef- og eyrnalækningum sem hafi lýst því fyrir honum að eyrnasuðið mætti rekja til áverka. Af sömu matsgerð megi ráða að sá læknir sem upplýsti stefnanda um þetta hafi verið E, sérfræðingur í háls-, nef- og eyrnasjúkdómum, en til hans hafi stefnandi leitað 14. september 2016. Í vottorði komi fram að stefnandi hafi verið heyrnarmældur árin 2005 og 2008. Niðurstaða seinni mælingar sé eins og segir í vottorðinu ... *en vinstra megin er komin lítils háttar dýfa við 4 kHz. Niður á 30 db. Mjög góð áfram á öðrum tíðnum. Samrýmist vægri hávaðaskemmd sem gæti verið af völdum haglabyssu.* Síðan segi: *Nú eru sem sagt merki um meiri hávaðaskemmd.*

Stefndi bendir á að stefnandi hafi lýst því svo fyrir matsmönnum að hann hafi *haft suð fyrir báðum eyrum síðan hann lenti í slysinu.* Þá bendir stefndi á að með tölvu-pósti 19. desember 2018 hafi lögmaður stefnanda óskað eftir því að stefndi félli frá fyrningu áramótin 2018/2019. Svar stefnda hafi verið svohljóðandi: *Félagið samþykkir að það muni ekki bera fyrir sig fyrningu krafna/bótaréttar um áramótin 2018/2019 og gildir sá frestur til 31. desember 2019.* Stefnandi hafi ekki óskað eftir framlengingu á umræddum fyrirvara.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi lýst því svo fyrir matsmönnum að hann hafi þurft að hætta störfum sínum sem framkvæmdastjóri D árið 2016 vegna slyssins. Stefnda virðist þó stefnandi enn sinna starfi framkvæmdastjóra félagsins að forminu til. Stefndi hafi gengið til uppgjors í málinu á grundvelli matsgerðar og telji þá matsgerð endurspeglar rétta niðurstöðu um varanlegar afleiðingar slyssins en telji varanlegar afleiðingar slyssins ofmetnar í álitsgerð örorkunefndar.

Stefndi telur að byggja eigi uppgjör stefnanda á viðmiðunarlaunum þrjú ár fyrir slys, sbr. 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þ.e. launum stefnanda á árunum 2011–2013. Tjón stefnanda hafi því verið að fullu bætt með greiðslu, en ágreiningslaust sé að þá greiddi stefndi til stefnanda kr. 10.187.012 en ekki aðeins kr. 9.456.784 eins og komi fram í frádráttarlið dómkrafna í stefnu.

Stefndi telur að kröfur stefnanda í málinu séu fyrndar. Vekur stefndi athygli á því að stefnandi hafi lent sem ökumaður bifreiðar í umferðarslysi 20. desember 2014. Dómkrafa hans sé gerð á grundvelli lögboðinnar ábyrgðartryggingar ökutækisins sem á hann ók skv. þágildandi umferðarlögum nr. 50/1987. Um fyrningu bótakrafna skv. XIII. kafla laganna gildi sérákvæði 99. gr. þeirra laga en skv. því ákvæði fyrnist krafa stefnanda á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Meta verði því í þessu máli hvenær stefnandi málsins hafi fyrst fengið, miðað við gögn málsins, vitneskju um kröfu sína eða átt þess fyrst kost að leita fullnustu hennar.

Stefndi bendir á að fyrsta tímamark fyrningar við alvarlegan árekstur sé að jafnaði árekstursstund. Í framkvæmd hafi það einnig verið lagt til grundvallar að tjónþola sé kunnugt um kröfu sína og eigi þess kost að leita fullnustu hennar þegar heilsufar hans sé

orðið stöðugt. Í matsgerð komi fram að heilsufar stefnanda hafi verið orðið stöðugt 22. mars 2015.

Stefndi bendir á að stefnandi hafi ítrekað leitað til læknis og sérfræðinga skömmu eftir slysið. Þar hafi hann fengið upplýsingar sem hafi gefið honum ærna ástæðu til að ætla að til staðar væru varanlegar afleiðingar vegna slyssins. Hefði það átt að gefa honum ástæðu til að leita réttar síns. Strax í lögregluskýrslu sem dagsett sé 29. desember 2014 hafi komið fram að um líkamstjón ökumanns hafi verið að ræða og að hann hafi haft áverka á hálsi og hugsanlega tognun í hálsi. Í febrúar 2015 hafi hann farið í segulómun af háls hrygg. Strax í kjölfar þess hafi hann leitað til lögmanns í þeim tilgangi að óska aðstoðar við innheimtu skaðabóta vegna varanlegs líkamstjóns sem hann hefði orðið fyrir í slysinu. Lögmaðurinn hafi undirritað tilkynningu til stefnda á eyðublaði frá stefnda, dags. 6. febrúar 2015, skv. umboði frá stefnanda. Umboðið hafi væntanlega verið undirritað af stefnanda fyrir þann tíma er tilkynningin var undirrituð. Upphaf fyrningar telur stefndi að miðist við þann tímapunkt sem aðilar leita til lögmanns í þeim tilgangi að innheimta bætur.

Stefndi bendir á að niðurstaða heimsóknar til heilsugæslulæknis í nóvember 2016 hafi einnig staðfest að ástæða væri til að ætla að til staðar væru varanlegar afleiðingar, sbr. vottorð 16. nóvember 2016, enda hafi stefnandi þá löngu áður leitað til lögmanns í þeim tilgangi að annast bótamál sitt gegn stefnda. Strax í lögregluskýrslu 29. desember 2014 komi fram að um líkamstjón ökumanns hafi verið að ræða og hann hafi áverka á hálsi og hugsanlega tognun í hálsi.

Stefndi vísar til þess að í vottorði frá F lækni sé m.a. lýst dofa í fingurgómum allt frá slysi, stífleika í hálsi allt frá slysi, auk höfuðverkjar. Þá sé í vottorðinu rætt um að stefnandi hafi við slysið fengið eyrnasuð sem *hafi haldist síðan*. Einnig sé upplýst að fyrir heimsókn til heimilislæknis í nóvember 2016 hafi stefnandi leitað til sérfræðings, þ.e. háls-, nef- og eyrnalæknis, m.a. vegna eyrnasuðs. Þangað hafi hann leitað 14. september 2016, sbr. framlagt vottorð. Þrátt fyrir að það vottorð sé árssett 2018 megi sjá af vottorði heilsugæslulæknis að stefnandi hafi fengið upplýsingar frá sérfræðilækni í heimsókn sinni í september 2016 þess efnis að eyrnasuðið mætti rekja til áverka.

Stefndi telur allt þetta vera atvik sem geti, skv. dómafordæmum og fræðaskrifum, markað upphaf fyrningarfrests í skilningi 99. gr. þágildandi umferðarlaga. Sú yfirlýsing sem stefndi gaf um að hann myndi ekki bera fyrir sig fyrningu í málinu hafi verið skýrlega afmörkuð í tíma, þ.e. frá áramótum 2018 til áramóta 2019. Um áramótin 2019 hafi sú yfirlýsing því fallið niður og ekki verið endurnýjuð. Eftir því hafi ekki verið leitað af hálfu stefnanda.

Stefndi byggir á því að miða beri upphaf fyrningarfrests kröfu stefnanda gegn stefnda við áramótin 2015/2016 en í síðasta lagi um áramótin 2016/2017 í skilningi þágildandi 99. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Bótakrafa stefnanda hafi því verið fyrnd er

mál þetta hafi verið höfðað í september 2021. Bendir stefndi á að bótauppgjör stefnda geti ekki rofið fyrningarfrest á mögulegum viðbótarkröfum stefnanda. Þá rjúfi sendur tölvupóstur ekki fyrningu í málinu.

Varðandi viðmiðunarlaun byggir stefndi á því að við uppgjör stefnanda eigi að byggja á meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 og því beri að reikna viðmiðunarlaun stefnanda vegna varanlegrar örorku út frá launum hans þrjú almanaksár fyrir slys, þ.e. árin 2011–2013. Byggir stefndi á því að ósannað sé að aðstæður tjónþola fyrir slys séu óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 og því beri að reikna viðmiðunarlaun stefnanda vegna varanlegrar örorku út frá launum hans þrjú almanaksár fyrir slys, þ.e. árin 2011–2013.

Stefndi bendir á að af stefnu verði ráðið að þar sem stefnandi hafi byrjað að sinna ráðgjafarstörfum árið 2012, sem hafi haft áhrif á tekjur hans, beri að miða við árin 2012–2014 við uppgjör varanlegrar örorku. Þessu mótmælir stefndi og segir að stefnandi hafi verið í fullu starfi sem framkvæmdastjóri D öll árin sem um ræði, þ.e. frá 2011 til slysdags, og skráður sem slíkur hjá fyrirtækjaskrá. Engin breyting hafi orðið á högum hans.

Stefndi bendir á að þegar rýnt sé í launatölur stefnanda megi sjá að árið 2011 hafi stefnandi eingöngu fengið laun frá D, samtals kr. 6.008.028. Þrátt fyrir að stefnandi væri enn í fullu starfi sem framkvæmdastjóri D hafi laun hans ári síðar lækkað í kr. 4.680.944. Til viðbótar hafi svo komið, í fyrsta skipti, greiðslur frá ráðgjafarfyrirtækinu G. Engar upplýsingar og hvorki launaseðlar frá því félagi né skattframtöl hafi verið lögð fram í málinu. Þau laun sem stefnandi fékk frá D fyrir fullt starf framkvæmdastjóra árið 2012 lækkuðu því frá árinu áður og námu, árið 2012, kr. 390.078 á mánuði. Hins vegar hafi ráðgjafartekjur frá G. bæst við. Ekki verði séð af gögnum málsins að vinnuframlag eða hlutfall stefnanda hjá D hafi breyst á þessum tíma. Sama gildi vegna árána 2013 og 2014. Laun frá D nemi þá lægri fjárhæð fyrir fullt starf en við bætist greiðslur frá G. Ekki sé því unnt að fallast á þann málátilbúnað stefnanda að ráðgjafarstörf stefnanda hafi falið í sér hreina viðbót við störf hans hjá D sem framkvæmdastjóra. Þá liggi ekkert fyrir um það í hverju þau ráðgjafarstörf hafi falist. Ósannað sé að mati stefnda að um væri að ræða varanlega breytingu á högum stefnanda sem ekki hefði breytt um starfsvettvang vegna þessa. Þá liggi ekkert fyrir um að hagir stefnanda hafi nýverið breyst eða að slík varanleg breyting hefði verið yfirvofandi á slysdagi. Ósannað sé því að skilyrðum 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé fullnægt. Þannig virðist stefnda sem stefnandi starfi enn, að efninu til, sem framkvæmdastjóri D. Slysið hafi því ekki leitt til þess að hann hafi þurft að láta af því starfi. Upplýsingar sem veittar hafi verið á matsfundi þess efnis virðist því rangar. Ekki hafi verið lagðar fram tekjuupplýsingar stefnanda vegna árána 2020 og 2021.

Stefndi mótmælir því að ökutækjastyrkur stefnanda og dagpeningar geti talist til tekna við útreikning viðmiðunarlauna skv. 7. gr. skaðabótalaga. Eigi það almennt við en

auk þess bendir stefndi á að í þessu tilviki megi ráða það af gögnum að stefnandi hafi talið fram frádráttarbæran kostnað á móti bæði ökutækjastyrk og dagpeningum öll þau ár sem um ræði.

Um mat á miska og varanlegri örorku bendir stefndi á að í uppgjöri hafi verið miðað við niðurstöðu matsgerðar sem málsaðilar öfluðu í sameiningu. Byggi stefndi á því að sú niðurstaða feli í sér rétt mat á afleiðingum slyssins. Hafi stefnandi síðan aflað álits örorkunefndar án þess að aðilar stæðu sameiginlega að slíkri beiðni eins og honum sé heimilt skv. 1. mgr. 10. gr. skaðabótalaga. Matsgerðirnar tvær byggi á sömu gögnum. Rökstyðji örorkunefnd ekki að hvaða leyti hún telji niðurstöðu fyrri matsgerðarinnar ranga en hækki engu að síður varanlega örorku stefnanda um 7 prósentustig.

Stefndi bendir á að ekki verði betur séð en að niðurstaða örorkunefndar byggi á röngum forsendum. Þar komi fram að skv. stefnanda hafi hann ákveðið *vegna heilsuvandamála* að hætta sem framkvæmdastjóri hjá D en hann starfi þar enn sem ráðgjafi. Af opinberum gögnum megi ráða að stefnandi virðist enn starfa sem framkvæmdastjóri D og kynni sig sem slíkan, bæði í fjölmiðlum og á vefsíðu fyrirtækisins. Hann sé því að efninu til ekki hættur störfum sem framkvæmdastjóri D þótt hann sé ekki skráður framkvæmdastjóri skv. fyrirtækjaskrá. Stefnandi lýsi einnig líkamlegu ástandi sínu þannig fyrir örorkunefnd að hann hafi þurft að *draga úr nánast öllum frítímaáhugamálum* og lýsi jafnframt *almennum líkamlegum einkennum* sem hafi haft áhrif á geðslag hans. Um sé að ræða lýsingar og atriði sem virðist hafa áhrif á mat örorkunefndar á varanlegum afleiðingum slyssins, bæði miska og varanlegri örorku.

Stefndi bendir á að greina megi af aðgengilegum opinberum upplýsingum að stefnandi stundi krefjandi íþróttir í frístundum sínum sem geri kröfu um gríðarlega gott líkamlegt ástand. Sem dæmi megi nefna að svo virðist sem stefnandi hafi sumarið 2021, aðeins níu mánuðum eftir dagsetningu matsgerðar örorkunefndar, tekið þátt í fimm daga fjallahjólakeppni í [...]. Slíkar fjallahjólreiðar, á mismunandi undirlagi, reyni augljóslega allnokkuð á hendur, háls og bak.

Loks telur stefndi liggja fyrir, sbr. málavaxtalýsingu, að stefnandi hafi áður skaðað heyrn sína vegna haglabyssuskots, auk þess sem hann hafi áður tagnað í hálsi í mótorkrossslysi skv. sjúkrasögu. Svo virðist sem ekki hafi verið tekið tillit til þessa við mat örorkunefndar.

IV

Niðurstaða

Stefnandi lenti í umferðarslysi 20. desember 2014 og óumdeilt er að hann slasaðist í því. Stefnandi viðurkenndi bótaskyldu sína og greiddi, þann 7. nóvember 2019, stefnanda bætur í samræmi við niðurstöðu álitsgerðar bæklunarskurðlæknis og lögmanns, dags. 27. ágúst

2019, sem málsaðilar öfluðu í sameiningu. Niðurstaða álitsgerðarinnar var að miski stefnanda væri 13 stig en varanleg örorka 8%.

Við uppgjör gerði stefnandi þann fyrirvara að hann teldi að afleiðingar slyssins væru vanmetnar hvað varðaði varanlegan miska og örorku í álitsgerðinni. Stefnandi lagði síðan fram beiðni um álit örorkunefndar 3. apríl 2020. Stóð hann einn að þeirri beiðni. Kom fram í beiðninni að hann gæti ekki fallist á niðurstöðu fyrri matsgerðar, bæði hvað varðaði mat á varanlegri örorku og miska. Örorkunefnd skilaði álitsgerð sinni 3. september 2020. Kom þar fram það mat hennar að varanlegur miski stefnanda væri metinn 18 stig en varanleg örorka 15%. Stöðugleikapunktur var sá sami skv. báðum matsgerðunum, 22. mars 2015.

Ágreiningslaust er að um fyrningu kröfu stefnanda fari eftir 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987. Þar kemur fram að kröfur skv. greininni fyrnast á fjórum árum frá lokum þess almanaksárs sem kröfuhafi fékk vitneskju um kröfu sína og átti þess fyrst kost að leita fullnustu hennar. Kröfur þessar fyrnist þó í síðasta lagi á tíu árum frá tjónsatburði. Í dómaframkvæmd hefur verið litið svo á að miða verði upphaf fyrningarfrests við það tímamark þegar tjónþoli hefur fengið vitneskju um kröfu sína og átt þess kost að leita fullnustu hennar.

Í máli því sem hér um ræðir liggur fyrir að stefnandi leitaði til heilsugæslunnar 15. janúar 2015. Hinn 23. janúar 2015 veitti hann lögmanni umboð til að gæta hagsmuna sinna og afla gagna vegna umferðarslyssins. Hinn 28. janúar 2015 leitaði hann aftur á heilsugæsluna og var þá ákveðið að fá segulómun á háls hrygg. Hún var síðan gerð 5. febrúar 2015. Hinn 16. nóvember 2016 leitaði stefnandi til heimilislæknis að nýju. Kemur fram í læknisvottorði vegna þeirrar komu að hann hafi fljótlega eftir slysið fundið fyrir dofatilfinningu í fingurgómum og framhandleggjum og hafi það ekkert breyst síðan. Þá kemur þar fram að stefnandi hafi fengið hnykk á hálsinn og hafi síðan verið stífur og aumur í hálsliðum, sérstaklega á morgnana. Loks kemur fram í læknisvottorðinu að strax eftir slysið hafi hann fundið eyrnasúð og það hafi haldist síðan.

Haft er eftir stefnanda í framangreindri álitsgerð örorkunefndar, dags. 3. september 2020, að hann hafi stigið til hliðar sem framkvæmdastjóri D í september 2016 þar sem hann hafi ekki getað sinnt starfinu vegna afleiðinga slyssins. Er ekki að sjá á umfjöllun í álitsgerðinni að einkenni hans hafi versnað eftir það eða að ný einkenni hafi komið fram.

Með vísan til þess sem að framan er rakið er það niðurstaða dómsins að stefnanda hafi eigi síðar en í nóvember 2016 verið ljóst að hann hefði hlotið varanleg mein af umræddu slysi, og þar með vitneskju um kröfu sína vegna þess, og hafi því þá þegar átt að gera viðeigandi ráðstafanir til að leita fullnustu kröfunnar. Fjögurra ára fyrningarfrestur kröfunnar hafi því byrjað að líða eigi síðar en við lok þess árs. Breytir engu um þá niðurstöðu að lögmonnum hans hafi gengið illa að afla læknisvottorðs sérfræðings í

háls-, nef- og eyrnalækningum enda var það vottorð ekki skilyrði þess að unnt væri að höfða mál til viðurkenningar á umræddri kröfu. Þá rauf framangreint uppgjör á kröfunni ekki fyrningu hennar. Breytir fyrirvari stefnanda við uppgjörinu engu um þá niðurstöðu.

Með vísan til framangreinds er það niðurstaða dómsins að fjögurra ára fyrningar-frestur kröfu stefnanda hafi runnið út í lok árs 2020 og því verið liðinn þegar mál þetta var höfðað 14. september 2021. Krafa stefnanda er því fallin niður fyrir fyrningu og verður stefndi þegar af þeirri ástæðu sýknaður af kröfu hans.

Að fenginni þessari niðurstöðu verður ekki fjallað um aðrar málsástæður máls-aðila.

Með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt að hvor aðili beri sinn kostnað af rekstri málsins fyrir dómi.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan sem dómsformaður ásamt meðdómsmönnum Hólmfríði Grímsdóttur héraðsdómara og Þorvaldi Ingvarssyni bæklunarskurðlækni.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýkn af kröfum stefnanda, A.

Málskostnaður milli aðila fellur niður.

Björn Þorvaldsson
Hólmfríður Grímsdóttir
Þorvaldur Ingvarsson